

Fimmtudaginn 8. febrúar 1996.

Nr. 73/1994.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Ásgeiri B. Ólafssyni

(Gestur Jónsson hrl.)

Vátryggingarsamningar. Bifreiðir. Ölvun við akstur. Gáleysi. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1994. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Hann gerir þá kröfu, að dæmd fjárhæð vegna slysatryggingar stefnda beri aðeins vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. september 1992 til greiðsludags, en dæmd fjárhæð samkvæmt gullkortatryggingu stefnda beri aðeins vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 27. september 1991 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 22. apríl 1994 var stefnda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

I.

Ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Áfrýjandi hefur m. a. lagt fram ákæru, dagsetta 15. ágúst 1990, ásamt fylgiskjölum í máli ákærvaldsins gegn Helga Þorsteinssyni, sem dæmt var í héraðsdómi Falköping 7. maí 1991 og fjallað er um í hinum áfrýjaða dómi. Þar kemur fram, að vínandamagn í blóði Helga, er blóðsýni var tekið kl. 04.05, hafi verið a. m. k. 2,47‰, en slysið varð um kl. 03.00. Lögmaður stefnda mótmælti bæði framlagningu og innihaldi nýrra gagna áfrýjanda með vísan til 160. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð

einkamála. Gögn þau, sem varða lögreglurannsókn slyssins í Svíþjóð, svo og ákæra og fylgiskjöl hennar, fjalla um staðreyndir, sem liggja eiga fyrir í málinu, og fá þau komist að hér fyrir dómi.

II.

Stefndi byggir kröfur sínar á tveimur váttryggingarsamningum við áfrýjanda. Önnur tryggingin er almenn slysatrygging, en hin er slysatrygging gullkortahafa hjá Eurocard. Í váttryggingarskilmálum fyrir almennu slysatryggingunni er tekið fram, að félagið bæti ekki slys, sem verði vegna stórkostlegs gáleysis þess, sem tryggður er. Í tryggingarskilmálum fyrir Eurocard-gullkort segir, að félagið bæti ekki tjón, sem rakið verði til neyslu áfengis. Jafnframt er tekið fram, að lög nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga gildi um váttrygginguna, ef annað leiði ekki af skilmálunum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamningsins.

III.

Eins og lýst er í héraðsdómi, fjallar mál þetta um umferðarslys, sem stefndi varð fyrir í Svíþjóð aðfaranótt 22. júlí 1989, er hann var farþegi í bifreið, sem mágur hans, Helgi Þorsteinsson, ók. Helgi var ákærður fyrir ölvunarakstur og fyrir að hafa sýnt gáleysi í umferð. Með dómi héraðsdóms Falköping 7. maí 1991 var Helgi dæmdur fyrir grófan ölvunarakstur, en sýknaður af ákæru um gáleysi í umferð. Ekki var talið sannað, að hann hefði sýnt af sér óvarkárni í akstri.

Sönnunarmatið í þessum sænska refsidómi er ekki bindandi í bótamáli því, sem hér liggur fyrir, en óhjákvæmilegt er að rekja nokkuð það, sem fram kom við rannsókn sakamálsins.

Í framburði sínum hjá sænsku lögreglunni 10. maí 1990 viðurkenndi Helgi Þorsteinsson ölvunarakstur, en neitaði gáleysi í umferð. Hann sagði, að bíllinn hefði tekið að láta einkennilega og svo hefði virst sem sprungið væri á öðru hjólinu hægra megin. Hann hefði reynt að halda bílnum á veginum, en það ekki tekist og bíllinn farið niður í skurð og áfram út á akur, þar sem hann endaði á hliðinni. Ólafur Ásgeirsson, sonur stefnda, sem einnig var farþegi í bifreiðinni, sagði í yfirheyrslu hjá lögreglu 11. janúar 1990, að bíllinn hefði allt í einu byrjað að sveiflast til hægri og vinstri. Helgi hefði

reynt að bregðast við hreyfingum bílsins með því að beygja til hægri og vinstri, en það ekki gengið, og hefði bíllinn farið út af ofan í skurð og áfram út á akurinn og farið nokkrar veltur. Stefndi bar fyrir dómi í þessu máli, að hann myndi ekkert eftir ökuferðinni eða slysinu, en hann missti meðvitund við það. Fjórði maðurinn, sem var í bifreiðinni, Þjóðverji að nafni Rudolf Büttner, virðist ekki hafa verið yfirheyrður af lögreglu, en Ólafur Ásgeirsson kvað hann hafa verið slappan á leiðinni og hálfsofandi. Björgunarbílstjóri sá, sem náði í bifreiðina eftir slysið, sagði í yfirheyrslu 31. janúar 1990, að sprungið hefði verið á a. m. k. tveimur hjólum, þar af einu afturhjóli. Hann sagði einnig, að ætíð spryngi á einu eða fleiri hjólum, þegar fólksbíll ylti á sama hátt og umrædd bifreið gerði. Engin rannsókn virðist hafa verið gerð á bifreiðinni. Þegar það, sem að framan er rakið, er virt, verður að telja ósannað, að slysið hafi orðið vegna þess, að sprungið hafi á hjólbarða bifreiðarinnar.

IV.

Í héraðsdómi er því lýst, að stefndi var ásamt konu sinni, syni og fleira fólki gestkomandi í sumarbústað Helga Þorsteinssonar. Vín var veitt með matnum, og þegar klukkan var langt gengin í eitt, fóru konur og börn að sofa, en karlarnir sátu eftir og neyttu áfengis. Í vitnaskýrslu lýsir Helgi því, að hann hafi verið búinn að „sulla í víni um daginn“, áður en gestirnir komu, en hafi ekki drukkið sterkt áfengi. Hann hafi mikið þol gagnvart áfengi og ekki fundið mikið á sér. Upp úr kl. 02.00 stakk Helgi upp á því, að þeir kæmu með sér í ökuferð um nágrennið, og varð slysið kl. 03.00.

Eins og að framan greinir, var tekið blóðsýni úr Helga kl. 04.05, og mældist vínandamagn í blóði hans a. m. k. 2,47%. Telst hann því hafa verið óhæfur til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Stefndi hafði verið samvistum við Helga allt kvöldið. Fer ekki hjá því, að hann hafi tekið eftir því, að Helgi neytti áfengis, og þegar litið er til þess áfengismagns, sem mældist í blóði Helga, orðið þess var, að hann var undir áfengisáhrifum.

V.

Eins og að framan er rakið, verður að telja ósannað, að slysið megi rekja til þess, að sprungið hafi á hjólbarða bifreiðarinnar. Ekki

hafa verið leiddar líkur að því, að bifreiðin hafi bilað. Langlíklegast er, að slysið hafi orðið vegna ölvunar ökumanns, enda er svo ölvaður maður óhæfur til að bregðast við hinu óvænta, sem upp á kann að koma við aksturinn. Verður að virða stefnda það til stórkostlegs gáleysis að fara í ökuferðina með Helga. Áfrýjandi hefur undanskilið sig ábyrgð við þessar aðstæður í fyrrgreindum vátryggingarskilmálum, sbr. og 124. gr. laga nr. 20/1954. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgeirs B. Ólafssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnda í héraði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans, Ólafs Axelssonar hæstaréttarlögmanns, 400.000 krónur, og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans, Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Í sakamáli gegn mági stefnda fyrir héraðsdómi í Falköping var hann sýknaður af ákæru um óvarlegan akstur, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjanda dómi. Var sú niðurstaða einkum byggð á þeim gögnum sakamálsins, sem bentu til þess, að sprungið hefði snögglega á hjóli bifreiðar hans hægra megin, þar sem hún var á ferð eftir þjóðveginum til Falköping, og það orðið orsök að því, að hún rásaði út af veginum. Voru gögnin greinilega metin í ljósi þess, að bifreiðin var stödd á beinni og þurri akbraut með bundnu slitlagi og ekki ætlandi, að truflun frá annarri umferð væri til að dreifa. Slysið hafði sætt rannsókn af hálfu lögreglu á staðnum, sem kom á vettvang og

kannaði atvik þess. Er ekki leitt í ljós, að þeirri könnun hafi verið ábótavant. Ekki verður heldur séð, að ökumaðurinn hafi við rannsóknina viðurkennt annað en ölvun sína.

Samkvæmt vettvangsupprætti lögreglumanns og vitnisburði hans mátti sjá löng för eftir bifreiðina, þar sem hún hafði rásað eftir akbrautinni sjálfri, áður en hún lenti út af veginum. Styður þetta eindregið frásögn ökumanns og sonar stefnda af aðdraganda slyssins. Með hliðsjón af því og öðrum atvikum ásamt niðurstöðu sakamálsins er ekki varhugavert að leggja það til grundvallar í þessu máli milli stefnda og váttryggjanda hans, að frumorsök slyssins, er olli líkamstjóni stefnda, hafi verið sú, að sprungið hafi á hjóli bifreiðarinnar inni á akbrautinni. Samkvæmt fram komnum gögnum um ölvun ökumanns var hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki eftir þeim mælikvarða, sem við átti samkvæmt íslenskri og sænskri umferðarlöggjöf. Verður að ætla, að þetta ástand hans hafi ráðið því að einhverju leyti, að honum tókst ekki að afstýra því, að bifreiðin rásaði út af veginum og valt. Hins vegar verður ekki á það fallist, að ölvunin hafi verið meginorsök slyssins í þeim skilningi, er á reynir samkvæmt skilmálum þeirra váttrygginga, sem málið snýst um.

Eins og samvistum stefnda og ökumannsins var háttáð þetta kvöld, hlýtur stefndi að hafa orðið þess var, að hann væri undir áfengisáhrifum, áður en lagt var upp í ökuferðina, sem farin var að nauðsynjalausu. Að virtum öllum atvikum verður að meta stefnda það til stórkostlegs gáleysis að taka þátt í ferðinni. Á sú niðurstaða við, eins og hér stendur á, þótt málið snúist um váttryggingu, en ekki skaðabótaskyldu. Samkvæmt skilmálum hinnar almennu slysatryggingar stefnda hjá áfrýjanda var félaginu því rétt að hafna bótagreiðslu fyrir líkamstjón stefnda að því leyti, sem rekja mátti slysið til ölvunar ökumanns. Í skilmálum ferðaslysatryggingar stefnda sem handhafa Eurocard-gullkorts var stórkostlegt gáleysi ekki tilgreint sem bótagleysisástæða, en undanþága var áskilin vegna tjóns, sem rakið yrði til neyslu áfengis, lyfja eða annarra ávana- og fíkniefna. Einnig var tekið fram, að ákvæði laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga ættu við um trygginguna. Með hliðsjón af ákvæðum 124. gr. þeirra laga ásamt því, að ökuferð stefnda mátti heita tengd áfengisneyslu hans og ökumanns, verður að telja áfrýjanda rétt að

hafna bótagreiðslu úr þessari tryggingu að sama leyti og vegna hinnar fyrrnefndu.

Á grundvelli þess, sem hér var rakið, er það niðurstaða mín, að áfrýjanda beri að greiða stefnda 3/5 hluta þeirra bótafjárhæða, sem við áttu um tjón hans samkvæmt umræddum vátryggingum. Er það 6.754.880 krónur annars vegar og 9.462.000 krónur hins vegar, eftir því sem málsaðilar hafa tilgreint, samtals 16.216.880 krónur. Að auki greiði hann vexti af bótafjárhæðinni og hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. október sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 26. mars 1992, af Ásgeiri Braga Ólafssyni, Hjarðarhaga 48, Reykjavík, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 27.028.133 kr., með dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti þá, að sumarið 1989 hafi stefnandi farið ásamt fjölskyldu sinni í sumarfrí til Svíþjóðar. Hafi hann heimsótt skyldumenni, sem þar búa. Hinn 21. júlí þ. á. hafi Helgi Þorsteinsson, mágur stefnanda, boðið þeim í sumarhús skammt frá Falköping. Skömmu eftir miðnætti á komudegi hafi Helgi boðið stefnanda ásamt syni hans og öðrum manni þeim tengdum í ökuferð um næsta nágrenni. Hafi m. a. átt að skoða á, sem þeir hugðust veiða í daginn eftir. Hafi verið ekið að á þessari, sem var í nágrenninu, og staðið þar við í 5 til 10 mínútur. Síðan hafi verið haldið heim á leið. Eftir að eknar höfðu verið u. þ. b. 1,5 til 2 mílur, hafi bifreiðin skyndilega farið að rása til hliðanna. Hafi Helgi reynt að ná valdi á henni, en án árangurs. Bifreiðin hafi farið út af veginum og oltið með þeim afleiðingum, að stefnandi stórslasaðist. Sé hann metinn 100% varanlegur öryrki vegna þessa slýss.

Af hálfu stefnda er á það bent, að í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3 komi fram, að umrætt kvöld hafi verið veitt vín með kvöldmat, en þegar klukkan var langt gengin í eitt, hafi konur og börn gengið til náða. Karlmenn þeir,

er í boðinu voru, hafi setið eftir á verönd og drukkið bjór og brennivín. Eftir nokkra stund, þ. e. um það bil kl. 2.30, hafi gestgjafinn, Helgi Þorsteinson, stungið upp á því, að farið yrði í bílferð um nágrennið. Hafi Helgi ekið bifreiðinni. Um það er lauk, hafi Helgi ekið þjóðveginn til Falköping, og telji vitnið Ólafur Árnason, að ekið hafi verið á 90 til 100 km hraða á klukkustund, en vegalengdin hafi verið um 15 til 20 km. Hafi farið svo, að Helgi missti stjórn á bifreiðinni og hún farið út af með hörmulegum afleiðingum, og hafi stefnandi þar hlotið örkuml sín.

Hafi Helgi hlotið dóm, sbr. dskj. nr. 7. Segi þar, að ósannað sé, að Helgi hafi sýnt óvarkárni í akstri, en hann fundinn sekur um grófan ölvunarakstur, en skv. sænskum lögum þýði það meira en 1,5%ó vínanda í blóði.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að ferðina til Svíþjóðar hafi stefnandi greitt með Euro-greiðslukorti, gullkorti, og hafi hann því notið þeirrar slysatryggingar, sem fylgi handhöfn og notkun kortsins. Á þessum tíma hafi verið í gildi samningur á milli Kreditkorta hf. og stefnda, sem m. a. hafi falið í sér ferðaslysatryggingu fyrir handhafa Euro-korta. Samkvæmt tryggingarskilmálum skyldu bætur til tjónþola vegna slyss nema jafnvirði USD 250.000 miðað við 100% varanlega örorku.

Pá hafi Miðnes hf., fyrirtæki, sem stefnandi vann hjá, slysatryggt hann hjá stefnda. Samkvæmt skilmálum þessarar tryggingar hafi tjónþola borið miðað við 1. júlí 1991 11.258.233 kr. við algjöra örorku.

Við það er miðað í málinu, að á grundvelli ofangreindra trygginga beri stefnda að greiða stefnanda bætur samkvæmt nefndum skilmálum, sem samsvari stefnufjárhæð.

Stefnufjárhæð myndi ofangreindar tryggingar, eins og þær voru 1. júlí 1991, þ. e. tæpum hálfum mánuði eftir, að örorka stefnanda lá fyrir og krafa hafði verið gerð á hendur félaginu, Euro-tryggingin USD 250.000 á gengi 63,08, slysatryggingin 11.258.133 kr.

Enginn ágreiningur eigi að vera um ofangreinda málavexti og málsástæður. Stefndi hafi hins vegar synjað stefnanda um greiðslu með þeim rökum, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, og eigi stefnandi því engan bótarétt með vísan til 124. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Hvað varðar þessa málsástæðu stefnda, skuli tekið fram, að slysið verði ekki rakið til áfengisneyslu ökumanns. Samkvæmt dómi á hendur honum, sem gekk í undirrétti í Svíþjóð (Falköping Tingsrátt), hafi verið talið upplýst, að skýringin á því, að bifreiðin fór út af veginum, væri sú, að á einum eða fleiri hjólbörðum hennar sprakk, og við það hafi ökumaður misst vald

á bifreiðinni. Samkvæmt þessum dómi varð slysið ekki rakið til áfengisneyslu ökumanns, heldur óhapps.

Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefnanda, að 124. gr. vsl. eigi ekki við í máli þessu. Því sé sérstaklega mótmælt af hálfu stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um, að Helgi Þorsteinsson væri undir áhrifum áfengis, og einnig, að það hafi verið stórkostlegt gáleysi af hans hálfu að stíga upp í bifreiðina.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að stefnanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, að Helgi Þorsteinsson hafði neytt áfengis umrætt kvöld og verið undir áfengisáhrifum, þegar lagt var af stað í hina örlagaríku ökuferð. Samkvæmt sakargögnum var áfengismagn í blóði Helga meira en 1,5‰ og hann því óhæfur til aksturs skv. umferðarlögum. Sé það íslensk réttarvenja, að farþegar, er slasast í ferð með druknum ökumönnum, fái ekki tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar, þar sem þeir séu taldir hafa sýnt af sér vítavert gáleysi með því að slást í för hins drukna manns og tekið á sig áhættuna af því, ef illa færi.

Á sama hátt hafi stefnandi fyrirgert bótarétti sínum úr þeim váttryggingum, er hann hafði keypt, sbr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, sbr. einnig gr. 9-2 í skilmálum almennrar slysatryggingar og hina sameiginlegu váttryggingarskilmála fyrir handhafa Eurocard-gullkorts frá 1. janúar 1989.

Þá er því haldið fram, að tjónsbætur úr gullkortatryggingunni eigi að greiða í USD á greiðsludegi.

Verði ekki fallist á sýknu, er því haldið fram, að draga eigi frá bótum stefnanda vegna vítaverðs gáleysis hans og aðeins greiða honum hluta umstefndrar fjárhæðar.

Vaxtakröfu er mótmælt, bæði upphafstíma vaxta og vaxtafæti. Sé það almenn regla, að vextir af skaðabótakröfum skuli vera skv. 7. gr. vaxtalaga, en dráttarvöxtum skuli í fyrsta lagi beita við dómsuppsögu, enda ekki fyrr búíð að leiða til lykta ágreining um tjónið.

Ágreiningur er ekki um aðild í málinu.

Forsendur og niðurstaða.

Upplýst er, að stefnandi, sem var á ferðalagi í Svíþjóð, slasaðist, er bifreið, sem hann var farþegi í, valt. Ökumaður bifreiðarinnar var Helgi Þorsteinsson, mágur stefnanda. Fram hefur komið, að Helgi var ákærður þar fyrir að hafa umrætt sinn gerst sekur um ölvunarakstur og fyrir að hafa sýnt gáleysi í umferð. Í málinu hefur verið lagður fram í þýðingu löggilts skjalaþýðanda dómur héraðsdóms í Falköping, upp kveðinn 7. maí 1991, þar sem

tekið er á þessum ákæruatriðum. Í dóminum kemur fram, að Helgi viðurkenndi að hafa gerst sekur um ölvunarakstur, en neitaði að hafa sýnt gáleysi í umferð. Í dóminum kemur jafnframt fram, að Helgi telur, að á leiðinni hafi eitthvað komið fyrir bílinn. Telur hann sennilegt, að sprungið hafi á honum og við það ekki verið lengur hægt að stýra honum. Jafnframt kemur þar fram, að hann hafi ekki orðið var við, að hann væri undir áhrifum áfengis. Samkvæmt framburði Ólafs Ásgeirssonar, sonar stefnanda, sem var farþegi í bílnum, gekk aksturinn vel, þar til bíllinn fór allt í einu að sveiflast til og hann sá, að Helgi átti erfitt með að hafa stjórn á honum. Hafi hraðinn á bílnum þá verið 80–90 km á klukkustund. Lögregluþjónn, Tony Persson að nafni, sem var vitni í málinu, skýrði frá því, að björgunarbílstjórinn, sem náði í bílinn, hefði tjáð honum, að sprungið hefði verið á a. m. k. tveimur hjólum og að oft spryngi á bíl, þegar hann ylti, eins og í tilviki því, sem hér um ræðir.

Í niðurstöðu héraðsdóms í Falköping segir m. a.: „Frásögn Ólafs og vitnisburður Perssons einnig að vissu marki styðja orð Helga um, að það hafi sprungið á bílnum og það valdið því, að hann fór út af veginum. Með hliðsjón af því telur héraðsdómur ekki sannað, að Helgi hafi sýnt óvarkární í akstri, hvorki með því að aka ótilhlýðilega hratt né heldur með því að veita vegi og akstri ónóga athygli. Því ber að hafna ákæru fyrir gáleysi í umferð.“

Í umfjöllun dómsins um það ákæruatriði, að Helgi hafi gerst sekur um ölvunarakstur, segir þar m. a.: „Vínandamagnið, sem mældist í blóði Helga um klukkustundu eftir aksturinn, var vissulega mjög hátt. Eins og áður segir um ákæruna fyrir gáleysi í umferð, hefur þó ekki verið sýnt fram á, að það atriði hafi átt þátt í slysinu.“

Þegar litið er til dóms héraðsdómsins í Falköping svo og annarra gagna málsins, þykir gegn andmælum stefnanda ósannað, að orsök slyssins verði rakin til áfengisneyslu ökumanns bifreiðarinnar, Helga Þorsteinssonar, eða gálauss aksturs hans. Þegar af þeim sökum ber að hafna þeirri málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi með því að taka sér far með Helga Þorsteinssyni umrætt sinn sýnt af sér vítavert gáleysi og þar með fyrirgert bótarétti sínum, en á því reisir stefndi sýknukröfu sína, eins og áður greinir.

Ber því samkvæmt framansögðu að fallast á, að stefnda beri að greiða stefnanda bætur samkvæmt skilmálum þeirra váttryggingarsamninga, er í gildi voru milli málsaðila.

Ágreiningur er ekki um fjárhæðir í málinu að öðru leyti en því, að af hálfu stefnda er því haldið fram, að tjónsbætur úr gullkortatryggingunni eigi að greiða í dollurum á því gengi, sem verður á greiðsludegi. Í tryggingarskilmálum umræddrar tryggingar er ekki að finna ákvæði, er lúta að

þessu. Fallast ber því á, að miða eigi við gengi 1. júlí 1991, er örorkumat lá fyrir, enda hefur stefndi ekki fært að því nein rök, að miða beri við gengi dollars á greiðsludegi.

Fallast ber á, að krafa stefnanda beri dráttarvexti skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Hinn 27. ágúst 1991 sendi lögmaður stefnanda stefnda bréf ásamt örorkumati og fór þess á leit, að félagið endurmæti afstöðu sína til stefnanda. Með vísan til 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 þykir rétt að miða upphafsdag vaxta við 27. september 1991.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að dráttarvextir dæmast frá 27. september 1991, eins og áður greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða 1.222.352 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð.

Kostnaður stefnanda af rekstri máls þessa, 1.222.352 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ólafs Axelssonar hrl., 1.200.000 kr., en 22.352 kr. eru vegna útlagðs kostnaðar skv. málskostnaðarreikningi, og hefur þeim kostnaði ekki verið mótmælt.

Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Ásgeiri Braga Ólafssyni, 27.028.133 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. september 1991 til greiðsludags.

Þá greiði stefndi enn fremur 1.222.352 kr. í málskostnað, sem rennur í ríkissjóð, og ber málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 1.222.352 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Ólafs Axelssonar hrl., 1.200.000 kr.